

Miðvikudaginn 24. október 1962.

Nr. 14/1962. **Alþýðublaðið**
 gegn
Prentmyndum h.f.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Alþýðublaðið, sem eigi sækir dómþing i máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 26. október 1962.

Nr. 88/1962. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
 (Einar Ásmundsson hrl.)
 gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands
 (Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Stóreignaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara, að skattstjórnarvöldum verði dæmt að meta hlutabréf stefnda til stóreignaskatts samkvæmt lögum nr. 44/1957 undir fertugföldu nafnverði þeirra og að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað i héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað hér fyrir dómi, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði stefnda, H/f Eimskipafélagi Íslands, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. febrúar 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Eimskipafélagi Íslands h.f. hér í bæ með stefnu, dagsettri 1. september 1960, gegn fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að lagt verði fyrir skattstjórnarvöld að ákveða skattgjald það, er félaginu beri að greiða samkvæmt lögum nr. 44/1957 vegna hluthafa félagsins, þannig að byggt verði á tífoldu nafnverði hlutabréfanna. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati réttarins.

Stefndi krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Tildirög málsins eru þessi:

Með lögum nr. 44 frá 3. júní 1957 um skatt á stóreignir var lagður sérstakur skattur á eignir allra einstaklinga, sem áttu meira en eina milljón króna í hreinni eign, og geyma lögin ýmis fyrirmæli um það, hvernig sá skattstofn skuli fundinn. Meðal annars er svo mælt í 1. mgr. 4. gr. laganna, að hreinum eignum félaga, en verðmæti eignanna er ákveðið samkvæmt fyrirmælum sömu laga, skuli skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hluta- eða stofnfjáreign hvers eiganda um sig, og skuli þessi eignarhluti hinna einstöku félagsmanna eða hluthafa teljast með öðrum eignum skattþegns við ákvörðun skattfjárhæðar. Skattstjórinn í Reykjavík ákveður skattinn samkvæmt 10. gr. laganna, en ákvörðunum hans má skjóta til Ríkisskattanefndar. Loks má áfrýja úrskurðum Ríkisskattanefndar til dómstólanna. Í 7. gr. laganna segir m. a., að félög skuli annast greiðslu á þeim hluta skatts, sem lagður er á félagsmenn þeirra eða hluthafa vegna eigna í félögum, þar með taldar

hlutafjár- og stofnfjáreignir, og að félögin hafi rétt til að endurkrefja félagsmenn eða hluthafa um þær skattupphæðir, er þau þurfa að greiða vegna eigna þeirra í félögunum.

Á aðalfundi stefnanda 1. júní 1957 var samþykkt, að félagið skyldi ekki beita endurheimturétti á hendur hluthöfum um þann skatt, er félaginu yrði gert að greiða samkvæmt lögum nr. 44/1957 vegna eignar hluthafa í félaginu.

Á grundvelli matsreglna, sem Ríkisskattanevnd hafði samið og nota átti við mat á hlutabréfum, reiknaði skattstjórinn í Reykjavík út skatt þann, er stefnanda bæri að greiða samkvæmt lögum nr. 44/1957. Nam skattgjaldið kr. 958.559.00 og var byggt á því, að sannvirði hlutabréfa félagsins í árslok 1956 hefðu verið 4005% af nafnverði bréfanna. Þetta gjald kærði stefnandi til Ríkisskattanevndar með bréfi, dags. 29. desember 1959, og var þess krafizt, að skattgjaldið yrði lækkað til stórkostlegra muna, og þá miðað við, að hlutabréf félagsins yrðu við ákvörðun skattsins ekki metin á herra verði en tífoldu nafnverði.

21. júní 1960 tilkynnti Ríkisskattanevnd stefnanda, að nefndin hefði úrskurðað, að mat á hlutabréfum félagsins skyldi vera fertugfalt nafnverð og að skattfjárhæð félagsins yrði tilkynnt síðar. Samkvæmt þessum úrskurði varð skattgjald stefnanda kr. 932.042.00. Í úrskurði Ríkisskattanevndar segir, að ekki hafi þótt vera færðar nægilegar sannanir fyrir söluverði hlutabréfa á frjálsum markaði fyrir lægra verð en matsreglur Ríkisskattanevndar segja fyrir um, og þyki nefndinni því ekki ástæða til að breyta matinu af þeim ástæðum.

Þessum úrslitum vildi stefnandi ekki una og höfðaði því mál þetta.

Umboðsmaður stefnda hefur lýst því yfir í réttinum, að aðild stefnanda að máli þessu sé ekki vefengd.

Lagt hefur verið fram bréf undirritað af E. P. Briem f. h. stefnanda (sbr. dskj. 13 og 21), og segir í því, að stefnandi hafi keypt eigin hlutabréf sem hér segir að nafnverði:

Til 1. janúar 1954	kr. 205.700.00
Árið 1954	— 13.750.00
— 1955	— 20.600.00
— 1956	— 7.725.00
— 1957	— 9.750.00
— 1958	— 4.675.00
— 1959	— 2.425.00

Árið 1960	kr.	5.975.00
— 1961 (til 20/12)	—	4.575.00

Alls kr. 69.475.00(svo)

Jafnframt er tekið fram í bréfum þessum, að frá árinu 1954 hafi ávallt verið greitt tífalt nafnverð fyrir hlutabréfin.

Lagt hefur verið fram svohljóðandi vottorð frá Kauphöllinni, undirritað af Aron Guðbrandssyni 22. ágúst 1960:

„Samkvæmt beiðni viljum vér hér með staðfesta það, að á síðastliðnum sjö árum og allt fram á þennan dag hefur gengi á hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands h/f hjá oss verið tífalt nafnverð hlutabréfanna.

Nokkurt magn af þessum bréfum hefur selzt hjá oss, en oss er ekki kunnugt um, að neins staðar annars staðar hafi fengið herra verð fyrir hlutabréf þessi á nefndu tímabili.“

Svohljóðandi vottorð hefur verið lagt fram, undirritað af Guðlaugi Þorlákssyni 23. ágúst 1960:

„Á undanfórnum árum hefir það alloft komið fyrir, að viðskiptamenn skrifstofu minnar hafa spurzt fyrir um, hvert væri söluverð hlutabréfa í H/f Eimskipafélagi Íslands. Hefi ég jafnan skýrt þessum viðskiptamönnum frá því, að mér væri ekki kunnugt um herra söluverð en tífalt nafnverð hlutabréfanna.“

Stefnandi rökstyður kröfu sína með því, að við álagningu skatts samkvæmt lögum nr. 44/1957 eigi að leggja til grundvallar sannvirði hlutabréfa, eins og það var í höndum hluthafa í árslok 1956. Telur hann hreina fjarstæðu að meta hlutabréf í stefnanda á fertugu verði, og bendir í því sambandi á, að arður af bréfum þessum hafi aðeins verið 4 af hundraði af nafnverði bréfanna í árslok 1956 og að hluthafar hafi ekki getað fengið herra verð en tífalt nafnverð fyrir bréf sín í árslok 1956, sbr. vottorð E. P. Briem, Kauphallarinnar og Guðlaugs Þorlákssonar, enda hafi það aldrei verið véfengt af hálfu ríkissjóðs. Telur stefnandi, að raunverulega sé tífalt verð of hátt mat, en kveðst fallast á, að við ákvörðun skattgjaldsins verði lagt til grundvallar tífalt nafnverð bréfanna. Þá telur stefnandi, að sönnunarbyrðin í máli þessu hvíli á stefnda.

Stefndi rökstyður mál sitt með því, að eðlilegast sé við mat á hlutabréfum að byggja á hag, rekstri og arði viðkomandi skattgreiðanda, eins og skattstofan hafi gert við mat á hlutabréfum stefnanda. Þá telur hann, að með Hæstaréttardómi, uppkveðnum 7. desember 1959, hafi verið fallizt á starfsreglur Ríkis-

skattanefndar við mat á hlutabréfum, þar sem ekki hafi verið hróflað við þeim. Enn fremur telur stefndi, að lítið mark sé takandi á þeim sölum, sem fram hafa farið, þar sem stefnandi hafi sjálfur verið kaupandinn og hafi haft áhuga á að halda verðinu niðri og auk þess sé hér um lítið magn að ræða. Vottorðum Kauphallarinnar og Guðlaugs Þorlákssonar telur stefndi, að ekki sé hægt að byggja neitt á, þar sem ekki sé getið í þeim, hve mikið magn hafi þar verið um að ræða.

Dómarinn fellst ekki á þá skoðun stefnda, að með dómi Hæstaréttar frá 7/12 1959 hafi verið fallizt á matsreglur Ríkisskattanefndar, þar eð í því máli, sem þar var til meðferðar, voru aðiljar sammála um að una við matsverð þeirra hlutabréfa, sem þar komu til sögu. Því er haldið fram að stefnanda og ómótmælt af stefnda, að meta eigi hlutabréf þau, er mál þetta er risið af, á sannvirði þeirra, eins og það var í árslok 1956. Stefnandi hefur upplýst, að það hafi aldrei á árabílinu frá 1954—1961 keypt eigin hlutabréf á öðru verði en tífoldu nafnverði, og einnig hafi verið lögð fram vottorð frá Kauphöllinni og Guðlaugi Þorlákssyni, sem báðir hafa fengizt við verðbréfasölu um langt árabíll, að þeir hafi ekki selt hlutabréf þessi á hærra verði en tífoldu nafnverði. Stefnandi þykir með þessu hafa fært miklar líkur fyrir því, að sannvirði hlutabréfanna í höndum eigenda þeirra í árslok 1956 hafi ekki verið hærra en tífalt nafnverð þeirra. Greiddur var aðeins 4% arður af nafnverði þrífanna í árslok 1956. Þegar þetta allt er virt, telur dómarinn, að stefndi hafi ekki sýnt fram á, að sannvirði nefndra hlutabréfa hafi í árslok 1956 verið fertugfalt nafnverð þeirra. Eins og áður segir, hefur stefnandi fallizt á, að sannvirði nefndra hlutabréfa verði talið tífalt nafnverð þeirra. Að svo vöxnu máli þykir bera að taka kröfu stefnanda til greina, þannig að óheimilt sé að miða skattgjaldið við hærra verð en tífalt nafnverð hlutabréfanna.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Grétar Haraldsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind krafa stefnanda um, að skattálagning samkvæmt lögum nr. 44/1957 vegna hlutabréfa stefnanda verði miðuð við tífalt nafnverð þeirra, er tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.